

Geðhjálp ósátt við biðraðir

Geðhjálp skorar á hjálparstofnanir að taka höndum saman við yfirvöld og móta nýtt fyrirkomulag neyðarstoðar við fátækt fólk í landinu.

Ölmusumatargjafir með tilheyrandi biðröðum séu lítilsvirðandi fyrir það fólk sem þarf á sértækri aðstoð að halda - segir í yfirlýsingu frá Geðhjálp í dag.

Fyrir þá sem ekki nái endum saman af einhverjum ástæðum þurfi að tryggja að þeir geti sótt sér nauðsynjavörur með sama hætti og aðrir landsmenn en ekki hjá sérstökum hjálparstofnunum. Það sé hægt að gera með útgáfu sérstakra debetkorta.